



**Halla Steinunn Stefánsdóttir** barokkfiðluleikari er stofnandi og listrænn stjórnandi Nordic Affect. Hún nam fiðluleik hjá Guðnýju Guðmundsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík og Elisabeth Zeuthen Schneider við Det Kongelige Danske Musikkonservatorium þáðan sem hún útskrifaðist 2001. Við útskriftina hlaut hún ýmsa styrki, þar á meðal Fulbright styrk sem gerði henni kleift að leggja stund á nám í barokkfiðlu við Indiana University School of Music, Bloomington undir leiðsögn Stanley Ritchie. Hún útskrifaðist frá IU með P.D. in baroque violin árið 2004.

Halla Steinunn hefur komið fram á tónleikum og tónlistarhátíðum í Evrópu og Bandaríkjunum og pantað og frumflutt tónsmíðar eftir m.a. Huga Guðmundsson, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, Hafðísi Bjarnadóttur, John Habron og Gunnar Andreas Kristinsson. Hún hefur hljóðritað fyrir Ríkisútvarpið og Samband Evrópskra Útvarpsstöðva auk þess sem leik hennar er að finna á geisladiskum frá Smekkleysu, musmap og Brilliant Classics. Geisladiskar með leik hennar hafa hlotið Íslensku Tónlistarverðlaunin og Kraumsverðlaunin.

Halla Steinunn hefur jafnframt komið að fyrirlestrarhaldi bæði erlendis og hér heima, kennt hljóðfærabókmenntir við LHÍ og er þáttastjórnandi Girnis, grúskis og gloría, þáttar um tónlist og upprunaflutning á Rás 1. Hún hlaut starfslaun listamanna 2009 og 2011 og mun á næstu mánuðum hljóðrita nýjan geisladisk með verkum eftir íslensk kventónskáld sem styrktur er af Menningarsjóði Hlaðvarpans.

**Kammerhópurinn Nordic Affect** var stofnaður árið 2005 með það að markmiði að miðla ríkidæmi tónlistar 17.og 18.aldar og flytja samtímatónlist. Meðlimir hópsins eiga allir að baki nám í sagnfræðilegum hljóðfæraleik og koma reglulega fram víða um Evrópu. Það að skoða þekktar stærðir út frá nýjum hliðum og halda á ókönnuð mið einkennir starf þeirra en Nordic Affect hefur með tónleikum sínum á Íslandi og víðs vegar um Evrópu flutt allt frá danstónlist 17.aldar til hinnar spennandi raftónsköpunar nútímans og hlotið fyrir afbragðs dóma. NoA hefur m.a. hljóðritað fyrir Ríkisútvarpið og Samband Evrópskra Útvarpsstöðva. Fyrsti geisladiskurinn með leik þeirra; Apocrypha eftir Huga Guðmundsson var tilnefndur til Íslensku Tónlistarverðlaunanna og hlaut Kraumsverðlaunin 2008. Leik þeirra er jafnframt að finna á Hymnodia Sacra, geisladisk kammerkórsins Carmina sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin á síðasta ári og þann 1.janúar kom út á heimsvísu nýr geisladiskur NoA með verkum eftir Abel á vegum hollenska útgáfufyrirtækisins Brilliant Classics. Meðal verkefna næstu mánaða auk tónleika hér heima og í Bretlandi er frumflutningur á nýju verki eftir Þuríði Jónsdóttur, upptaka fyrir Ríkisútvarpið á verkum frá 18.öld og hljóðritun nýs geisladisks með verkum eftir íslensk kventónskáld. Hópurinn er styrktur af Tónlistarsjóði menntamálaráðuneytisins og Menningarsjóði Reykjavíkurborgar. Listrænn stjórnandi hópsins er Halla Steinunn Stefánsdóttir.